

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2018**2019/EES/98/21****frá 9. febrúar 2018****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta), XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) og XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Í tilskipun 2014/59/ESB er vísað til „móðurstofnana í Sambandinu“, „móðureignarhaldsfélaga á fjármálasviði í Sambandinu“ og „blandaðra móðureignarhaldsfélaga á fjármálasviði í Sambandinu“, sem með skírskotun til EES-samningsins ber að skilja sem aðila sem samræmast viðkomandi skilgreiningum í tilskipuninni og hafa staðfestu í ríki aðila að EES-samningnum og sem eru ekki dótturfyrirtæki nokkurra annarra stofnana sem hefur verið komið á fót í ríki annars aðila að EES-samningnum.
- 3) IX., XII. og XXII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB) og lið 16c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB):

„, breytt með:

- **32014 L 0059**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 19a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB):

„19b. **32014 L 0059**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið sé á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“, „skilavöld“ og „lögbær yfírvöld“ þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna, skilavalda þeirra og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

- b) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) skv. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010, ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar EFTA-ríkin í málum sem kveðið er á um og í samræmi við, lið 31g í þessum viðauka.
- c) Í 28. lið 1. mgr. 2. gr. koma orðin „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“ í staðinn fyrir orðin „1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.
- d) Skilja ber vísanir til „ramma Sambandsins um ríkisaðstoð“ sem skilgreindur er í 53. lið 1. mgr. 2. gr. sem vísanir til reglnanna um ríkisaðstoð sem kveðið er á um í 2. kafla IV. hluta EES-samningsins, þ.m.t. viðeigandi viðaukar og bókanir við EES-samninginn, og að því er EFTA-ríkin varðar, viðeigandi ákvæðum samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.
- e) 6. mgr. 68. gr. og 93. gr. gilda ekki.
- f) Í 1. mgr. 84. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina“, orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ í 4. mgr. 84. gr. á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar“ og í fyrstu málsgrein 128. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina“ og orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni“.
- g) Í 1. mgr. 94. gr. gilda orðin „eins og um getur í 1. mgr. 93. gr.“ ekki að því er EFTA-ríkin varðar.
- h) Í 97. gr.:
- i) í 1. mgr. gilda orðin „eins og um getur í 1. mgr. 93. gr.“ og orðin „eins og kveðið er á um í 1. mgr. 93. gr.“ ekki að því er EFTA-ríkin varðar,
- ii) í fyrstu undirgrein 4. mgr. er eftirfarandi bætt við:
- „Lögbærum yfirvöldum og skilavöldum EFTA-ríkjanna er ekki skylt að gera slíka samstarfssamninga.“
- i) Í 1. mgr. 102. gr. skulu orðin „31. desember 2027“ koma í stað orðanna 31. desember 2024“.
- j) Í 130. gr. koma orðin „innan eins árs frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2018 frá 9. febrúar 2018“ í stað orðanna „frá 1. janúar 2016“, að því er EFTA-ríkin varðar.
3. Eftirfarandi undirlið er bætt við liði 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012) og 31g (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010):
- „– **32014 L 0059:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 4. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB) í XII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 L 0059:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).“

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB), 3. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (2011/35/ESB)), 5. lið (tilskipun ráðsins 82/891/EBE) og lið 10e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB):

„– **32014 L 0059**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).“

2. Eftirfarandi er bætt við liði 10d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB) og lið 10g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB):

„, eins og henni var breytt með:

– **32014 L 0059**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).“

4. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/59/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og tilskipun 2013/36/ESB inn í EES-samninginn, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.